

LOKAÐ MEÐ BÓKUN

Málnr.: **18-137F027**

Dags: **21. júlí 2018**

Staður: **Á flugvælinum á Akureyri**

Lýsing: **Hlekkist á í æfingu**

Flugkennari ásamt flugnema í einkaflugnámi fóru í kennsluflug á flugvél TF-FAD (PA-38-112) frá flugvælinum á Akureyri. Eftir æfingar við Svalbarðseyri var flogið til baka að flugvælinum á Akureyri þar sem flugneminn framkvæmdi snertilendingu.



Að snertilendingunni lokinni, þegar flugvélinn var í 100-200 feta hæð í klifri á 70 hnútum og enn yfir flugbrautinni að sögn flugkennarans, tók flugkennarinn við stjórn flugvélarinnar. Hugðist flugkennarinn sýna flugnemanum æfingu þar sem líkt er eftir því þegar hreyfill stöðvast í flugtaki og flugvélinni er lent án hreyfilafis.

Dró flugkennarinn því allt aflið af hreyflinum og beindi stýrinu ákveðið fram til þess að halda uppi hraða og lenda flugvélinni. Að sögn flugkennarans dró hann of seint í stýrið til að slétta úr¹ lækkuninni fyrir landingu og varð landingin því harkaleg.

Að sögn fyrrum atvinnuflugmanns sem sá atburðinn frá flugstöðinni, taldi hann að flugvélin hefði verið í 50-100 feta hæð yfir flugbrautinni, þegar hún missti skyndilega afl á hreyfli.

¹ flare out

Virtist sem nefi flugvélarinnar hafi verið beint fram með 30° bröttu horni og dró flugmaður seint í stýrið fyrir landingu. Lenti flugvélin mjög harkalega og fór stél hennar í flugbrautina. Eftir landingu var flugvélinni ekið að skýli. Ekki urðu meiðsl á flugmönnum.

Að sögn bæði flugkennarans og flugnemans fór ofrisflautan ekki í gang. Skoðun á flugvélinni leiddi einnig í ljós að ofrisflautan virkaði. Telur RNSA því ljóst að flugvélin ofreis ekki.

Skoðun á flugvélinni leiddi í ljós að neyðarsendir² fór ekki í gang, en skemmdir urðu m.a. á stéli, dekkjum, bremsum,



hreyflafestingum og hreyflahlíf. Komu einnig krumpur í vængi flugvélarinnar.

RNSA telur að nefi flugvélarinnar hafi verið beint fram undir of bröttu horni og við það hafi fallhraði flugvélarinnar orðið mikill og hraði hennar aukist. Að lokum hafi verið tekið of seint í stýri flugvélarinnar fyrir landingu með þeim afleiðingum að hún kom mjög harkalega niður á flugbrautina og skemmdist mikið.

Rannsóknarnefnd samgönguslysa lokaði málinu með bókun þann 4. október 2018.

² ELT